
EFNI




Vesturferðir

Deilur mögnuðust um vesturferðir eftir að nærri 2.000 manns fluttu 1887 og beittu þeir sér mjög á prenti Benedikt Gröndal skáld, sem fann Vesturheimsferðum flest til foráttu, og Jón Ólafsson, ritstjóri og alþingismaður, sem var þeim hlynntur. Benedikt reiknaði mannauðinn í peningum í bæklingi sem hann gaf út og Jón var svo stóryrtur í öðrum bæklingi að málaferli urðu. Vesturheimsferðir héldu engu að síður áfram næstu áratugi en greinina skrifar Björgvin Sigurðsson sem áður hefur skrifað í Lesbók um aðdraganda þess að hópur Þingeyinga flutti til Brasilíu.



Chiapas

syðst í Mexíkó er fátækasta hérað landsins og þar búa indíánar við ömurleg lífskjör. Hinn 1. janúar 1994 hófu þeir uppreisn gegn stjórnvöldum og kölluðu sig Zapatista eftir frægri byltingarhetju. Nú er talið að vindurinn sé að mestu úr þessari hreyfingu og indíánarnir jafn illa staddir og áður. Um Zapatistauppreisnina í Mexíkó skrifar Ellen Gunnarsdóttir sagnfræðingur sem starfar í Mexíkó.



Á Kjarvalsstöðum

sýna nú tveir myndlistarmenn, Rúrí og Ólafur Elíasson. Sýning Rúríar í vestursal Kjarvalsstaða heitir PARADÍS? – Hvenær? og nýtir hún helstu miðla samtímans til að lýsa ógnum og afleiðingum stríðsátaka í samtímanum. Sýning Ólafs ber yfirskriftina Hinn samsíða garður og aðrar sögur og eru verkin fjögur sérstaklega unnin fyrir þessa sýningu. Innan dyra má nefna að miðgangur Kjarvalsstaða hefur verið tyrfður og á túninu er brú og brunnur og utandyra stendur Regnskál; grasúðarinn á þaki garðhýsisins spýr vatni sem rennur niður með byggingunni.



Ballettæfingastjórinn

finnski, Harri Heikkinen, dvaldi hér á landi við skipulag æfinga Íslenska dansflokksins fyrir Listahátíð. Súsanna Svavarsdóttir ræddi við Harri og þá sagðist hann m.a. vera að velta því fyrir sér hvað það væri sem gerði finnska og íslenska ballettdansara svona líka. Helst telur hann það vera sterk tengsl við náttúruna og jörðina og hann segir íslenska og finnska dansara vera miklu fremur jarðbundna en loftkennda eins og svo algengt sé með ballettdansara.

FORSÍÐUMYNDIN: Á forsíðunni er blekteikning eftir Marlene Dumas, en sýning á verkum hennar verður opnuð í Nýlistasafninu í dag og frá henni er sagt á bls. 6 - 7.

ÞORSTEINN FRÁ HAMRI

MÉR ER Í MUN –

Mér er í mun að setja heiminn saman
Það lukkast aðeins stund og stund

Ég rađa upp í augna minna ljós
mörgu sem ég minnist
mörgu sem bezt ég hugði samið og sagt

Byggi svo brýr og himna

Strengi vel þær brýr
set stjörnur á þá himna
kveiki líf á þeim stjörnum:
verur með viðkvæma sál
og sköpunargáfu

Stend um hríð hljóður við vegbrúnina
minningasafnari
grunsmiður skelfinga
vonasonur

Og á sem snöggvast fáa að

Ljóðið er birt í tilefni sextugsafmælis Þorsteins frá Hamri á morgun, sunnudaginn 15. mars. Fyrsta ljóðabók hans, Í svörtum kufli, kom út 1958 og eru þær síðan orðnar 14. Sú síðasta var Sæfarinn sofandi, sem út kom 1992, og er ljóðið sem hér birtist úr henni.

RABB

ÓTTINN ER Í FORRITINU

Það er ekkert að óttast nema óttann, sagði frægur og virtur leiðtogi og kannski var einhver búinn að segja það á undan honum. Óttinn hefur fylgt mannkindinni frá örófi alda og sú kind er ekki ein um að óttast um sinn hag í þessum heimi. Kvikmynd Þorfinns Guðnasonar um hagamúsina sem Sjónvarpið birti okkur á síðustu jólum var bæði tæknilegt og listrænt afreksverk og sýndi þar að auki hvernig óttinn fylgir þessu smávaxna dýri hvert sem það fer; allsstaðar er lífshætta. Fuglar himinsins fara ekki varhluta af henni. Lítum á þresti og aðra smáfugla sem tylla sér á trjágrein eða grasblett og kroppa eitthvert smáræði. En það er bara eitt kropp í einu og síðan lítur fuglinn skelkaður í kringum sig. Ekki eitt andartak má hann sofna á verðinum og stundum dugar slík árvekni ekki til.

Óttinn sem fylgir manninum er oftast bundinn við annað en beina aðsteðjandi lífshættu á næsta andartaki og sá ótti hefur tekið breytingum milli alda og frá einu heimssvæði til annars. Til dæmis gætu tilefni óttans verið önnur hér en á Filabeinsströndinni eða í Amazónlandinu. Kristniboð hefur verið réttlætt með því að markmiðið sé að losa frumstætt fólk við óþarfan ótta. Sá ótti mun ekki sízt bundinn við allskonar illa anda. En þessi sama kirkja sem boðar lausn undan fargi óttans í fjarlægum frumskógalöndum, notaði sjálf óttann fyrr á öldum til þess að öðlast vald yfir sálum mannanna. Þá var gert út á óttann við Satan og Helvíti, eilífa útskúfun og Syndina. Nú er það sem betur fer úr sögunni nema í einhverjum afkimum sértrúarhópa. En það er gamla sagan, að mönnum hefur löngum þótt réttlætanlegt að tilgangurinn helgaði meðalið og hjörðin yrði þá fyrst nægilega guðhrædd og prúð ef hún óttaðist sífellt þann í neðra.

Líklega eru þeir Íslendingar fremur fáir sem óttast ógnarlegt straff fyrir yfirsjónir hér í heimi og eilífa vist í einhverjum kvalastað þar sem vítiseldar brenna. Galdra og fjölkynngi óttast þeir ekki heldur, en lífseigasti óttinn við eitthvað óútútskýranlegt og óáþreifanlegt, sem fylgt hefur fólki fram á þennan dag, er líklega myrkfælni.

Nú þegar Íslendingar eru orðnir mestu rafmagnsbruðlarar í heimi og hvergi ber skugga á, eru forsendur fyrir myrkfælni að mestu úr sögunni. En óhætt er að segja að fyrr meir var myrkfælni á sjúklegu stigi og þjakaði þjóðina. Jafnframt er svo að sjá, að fólk hafi sótt í að heyra draugasögur og þeim var sannarlega haldið lifandi.

Það er eftirtektarvert, að ástæða þótti vera til að óttast alla um leið og þeir voru dánir. Jafnvel þótt bezta fólk gæfi upp öndina, sátt við guð og menn og satt lífdaga, var beygur í heimilisfólki þar sem lík stóð uppi. Ljúfustu ömmur, hvers manns hugljúfi, urðu tilefni til myrkfælni um leið og þær voru látnar. Það gat verið skelfileg tilhugsun að mæta þeim í göngunum, sem virðast hafa verið eftirlætisstaður þeirra sem ekki voru af þessum heimi. Menn voru sífellt að verða úti í stórhríðum og alfaraleiðir, ekki sízt yfir heiðar og fjöll, voru varðaðar minningum um menn sem helfrusu þar; lík þeirra stórsködduð eftir hrafninn þegar þau fundist löngu síðar. En það þótti líka vissast að gera ráð fyrir því að sá sem varð úti hlaut að ganga aftur og í hríðarbyl eða svartaþoku mundi hann reyna að draga vegfarendur út í ófærur og lífsháska.

Í nýrri og ágætri ævisögu Einars Benediktssonar eftir Guðjón Friðriksson eru lýsandi dæmi um þennan þjóðlega ótta. Benedikt Sveinsson, faðir Einars, var hálf truflaður af myrkfælni og varð að hafa fylgdarmann með sér að og frá Elliðavatni vegna þess að menn höfðu orðið úti ofan við Reykjavík. Þessi landskunni eldhugi virðist hafa verið haldinn af þeirri hugmynd í samræmi við almenna trú, að vofur þeirra eigruðu um eftir að skyggja tók og gæti orðið ískyggilegt að verða á vegi þeirra.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Einar erfði myrkfælnina í ríkum mæli og slíkt skáld sem hann var, gat hann trúlega magnað þessa ógn í eigin huga. Ungur að árum vakti hann fyrst verulega athygli með kvæðinu um hvarf séra Odds á Miklabæ, sem efnislega fjallar um Sólveigu þá sem verið hafði í tygjum við prestinn, en skar sig á háls eftir að hann kvæntist annarri konu. Sólveig gekk aftur og ásótti prestinn mjög. Þegar séra Oddur hvarf gersamlega sporlaust á heimleið að Miklabæ um nótt, var draugnum kennt um. Þessi saga og aðrar álíka voru þjóðinni hugstæðar og þessvegna hefur fólk drukkið í sig kvæði Einars.

Skömmu síðar þegar Einar gegndi sýslumannsembætti í Þingeyjarsýslum átti hann eftir að lenda í þeirri hremmingu að stúlka, sem grunuð var um að hafa átt barn með bróður sínum og fyrirkomið því, framdi sjálfsmorð með tófueitri meðan réttarhöldin yfir systkinunum stóðu yfir. Samkvæmt þjóðtrúnni var næstum náttúrulögmál að hún gengi aftur og fylgdi Einari, enda var hann lamaður af myrkfælni og þorði ekki að ganga til hvílu nema maður svæfi fyrir framan hann og til frekara öryggis vafði hann teppi utan um höfuðið á sér.

Ótti nútímamannsins beinist meira að öðru en afturgöngum. Einar Benediktsson kallaði Reykjavík Faxflóaþorpið og síðan skáldið var á dögum hefur þorpið fengið á sig dulitla borgarmynd og með henni fylgikvilla sem fremur eru þó taldir heyra til stórum borgum. Þar eru draugarnir þessa heims, en ekki betri fyrir það. Óttinn, sem áður var bundinn við hina dauðu og oft var ástæðulaus, beinist nú að lifandi ofbeldisfíklum og ógæfumönnum sem gætu átt það til að kippa blásaklausum vegfaranda inn í húsasund, rota hann og ræna.

Í vernduðu umhverfi nútíma velferðarþjóðfélags geta þó langflestir lifað lífinu án óttа. En lífið verður aldrei óttalaust. Margir óttast það að eldast eða greinast með sjúkdóma eins og krabbamein eða alzheimersveiki og verða ósjálfbjarga. Þegar öllu er á botninn hvolft er það óttinn við hrörnun og dauða sem gengur eins og rauður þráður aftan úr hinu forsögulega rökkri.

Ekki svo að skilja að allir óttist það að deyja; sumir fagna dauðanum og mikil trúarsannfæring getur ugglaust átt sinn þátt í því. Það er hinsvegar innbyggt í eðli allrar skapaðrar skepnu að reyna fremur að sleppa lifandi, sé þess kostur. Og til þess að svo megi verða hefur höfundur lífsins komið óttanum fyrir í forritinu.

GÍSLI SIGURÐSSON